

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2021

Tilvísun ÞÍ: 2021040755/5.9.0

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993, 646 mál.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993, þingskjal 1113 - 646 mál er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

Með frumvarpinu er m.a. lagðar til breytingar á undanþáguheimild varðandi lágmarksaldur hjónaefna, könnun hjónavígsluskilyrða og tilfærslu verkefna frá ráðuneyti til sýslumanna.

Þjóðskrá Íslands fagnar þessum áformum og telur breytingar til þess fallnar að auka samræmi í verklagi við staðfestingu hjúskaparskilyrða, og hjúskapar sem fram fer erlendis. Einnig telur stofnunin þá breytingu sem lögð er til varðandi að fella niður undanþágu fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára að ganga í hjúskap, tímabæra þar sem sú undanþága hefur ekki verið nýtt að neinu ráði í mörg ár.

Í upphafi er rétt að koma inn á hlutverk Þjóðskrár Íslands skv. lögum. Stofnunin starfar m.a. eftir lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2018. Samkvæmt þeim ber stofnuninni að skrá hjúskaparstöðu einstaklinga í þjóðskrá. Svo unnt sé að skrá hjúskaparstöðu einstaklinga í þjóðskrá tekur stofnunin á móti staðfestingu á hjúskap þeirra, hvort sem stofnað hafi verið til hans hérlendis eða erlendis. Á grundvelli þeirra staðfestinga skráir stofnunin hjúskap í þjóðskrá.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að allir sem eru 18 ára og eldri og gengið hafa í hjúskap erlendis eigi rétt á að fá hann viðurkenndan hér á landi og þar með skráningu hjúskaparins í þjóðskrá. Hjúskapur, þar sem annað eða bæði hjóna er yngri en 18 ára þegar stofnað er til hans, verður ekki viðurkenndur hér á landi nema að veittri undanþágu. Til staðar verði þröngar undanþágureglur frá meginreglunni þannig að einstaklingur sem er yngri en 18 ára, en þó eldri en 16 ára, þegar stofnað er til hjúskapar fái hann viðurkenndan hér á landi. Þá er frumvarpið ekki skillið á annan veg en að þegar svo háttar til að annað, eða bæði, hjóna hafi verið á aldrinum 16 til 18 ára þegar stofnað var til hjúskapar eigi Þjóðskrá Íslands að vísa slíkum tilfellum til sýslumanns sem úrskurðar og staðfesti hvort hjúskapurinn teljist viðurkenndur hérlendis og eigi þar með að skrá í þjóðskrá. Að mati Þjóðskrár Íslands þarf að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig hjúskaparstaða málsaðila verði skráð í þjóðskrá fari úrskurður sýslumanns á þann veg að hafna beri skráningu hans. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð að annað hvort sýslumaður eða eftir atvikum ráðuneytið ákveði hvernig hjúskaparskráning málsaðila yrði háttað í þjóðskrá eftir að úrskurður liggur fyrir. Tilvik geta jafnvel verið þannig að hjúskapur teljist hafa lagalegt gildi í upprunalandinu þótt hann verði ekki viðurkenndur hér á landi. Hafa verður það í huga að málsaðili getur hafa gengið ung/ur í hjúskap en ekki komið til Íslands fyrr en löngu síðar og jafnvel með börn. Einstaklingar í slíkri stöðu geta jafnvel ekki aflað annarra gagna en staðfestingu á hjúskap og óskráð hjúskaparstaða þeirra í þjóðskrá getur haft víðtæk áhrif á réttastöðu viðkomandi og eftir atvikum barna þeirra. Því er mikilvægt að það liggji skýrt fyrir hvernig skuli skrá hjúskaparstöðu þeirra sem í hlut eiga í þjóðskrá.

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

☎ Fólki ☎ Fastelgirnir

Þjóðskrá Íslands fagnar því að útgáfa könnunarvottorða verði eingöngu hjá sýslumannsembættum, slíkt mun leiða til mun samræmdari könnunar hjúskaparskilyrða. Það myndi leiða til enn frekari samræmingar ef að það verkefni yrði falið aðeins einu sýslumannsembætti. Það sama gildir varðandi úrskurði um gildi hjúskapar sem fram fór erlendis, sé það gert hjá aðeins einu embætti þá mun það leiða til samræmdari úrskurða og niðurstaðna í slíkum málum.

Þjóðskrá Íslands getur, sé þess óskað, mætt á fund Allsherjar- og menntamálanefndar og skýrt umsögn þessa nánar.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur

Þjóðskrá Íslands
Registers Iceland

Borgartún 21
105 Reykjavík

Hafnarstræti 107
600 Akureyri

515 5300
skra@skra.is

skra.is

• Fólki ■ Fasteignir